



Fjárlaganefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Vegir í dreifbýli Ölfuss


Hér með óskar bæjarstjórn Ölfuss eftir því að fjárlaganefnd tryggi fjármagn til endurbóta á tengi- og safnvegum í Ölfusi. Mikilvægt er að ljúka uppbyggingu og lagningu slitlags á vegi í Ölfusi vegna uppbyggingar sem er í sveitarfélaginu og kallar á aukna umferð. Nefna má veg að Breiðabólstað, Kirkjuferju og Hrauni, sem mikilvægt er að ljúka við með varanlegu slitlagi.


Nýlega voru hafnar framkvæmdir við uppbyggingu vatnsverksmiðju að Hlíðarenda í Ölfusi. Með tilkomu verksmiðjunnar eykst álag á vegina að Hlíðarenda í Ölfusi, en hann er jafnframt sami vegur og að Hlíðardalsskóla, Breiðabólstað og Litlalandi.

Bæjarstjórn Ölfus leggur mikla áherslu á að farið verði í endurbætur á veginum þannig að aðkoma að vatnsverksmiðju Icelandic Water Holdings verði viðunandi.

Ölfusi 25. september 2007,

Virðingarfyllst,


Ólafur Aki Ragnarsson
Bæjarstjóri Ölfuss



Samrit sent:
Vegagerðin á Selfossi
Samgöngunefnd Alþingis
Þingmönnum Suðurkjördæmis